

Efni: Umsögn Sigurpáls Ingibergssonar um Grænbók um sjálfbært Íslands, mál nr. 82/2023

Stöðulýsing og stöðumat

Menga á daginn og grilla á kvöldin

Undirritaður fagnar að unnið sé að því gera Ísland sjálfbært og vonar að róttækar aðgerðir fylgi í kjölfar þessarar vinnu en aðgerðarleysi og verkvæði hefur verið aðalsmerki stjórnvalda. Samþykktar hafa verið stefnur og sett markmið sem ekki munu nást. Ein ástæðan er að sumar aðgerðir stjórnvalda hafa unnið á móti stóra markmiðinu. Dæmi um það er að hækka fargjöld og skerða þjónustu almenningssamgangna (4.3.4) þegar fjölga þarf farþegum og bæta þarf þjónustuna en góðar almenningssamgöngur eru lykill að minni losun gróðurhúsalofttegunda og styður heimsmarkmið 11 um sjálfbærar borgir og samfélög.

Í Grænbókinni er ekkert fjallað um losunarsviðin þrjú, (umfang eða á ensku scope). En árangur í loftslagsmálum ræðst í baráttunni við losun í virðisheðjunni. Þar liggur ábyrgð fyrirtækja og ríkja.

Þegar tafla 1 um kolefnislosun stærstu kolefnislosunarfyrirtækja Íslands er skoðuð er augljóst að: Þörf er á betra jafnvægi á milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar í íslensku samfélagi (1.5). Efnahagslegi þátturinn hefur verið ráðandi en samfélags- og umhverfismál setið á hakanum. Hugtakið „nægjusemi“ (e. “sufficiency”) kemur aldrei fyrir í skýrslunni en milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna (IPCC) gaf út [samantektarskýrslu](#) nýlega. Hugtakið er skilgreint þar (bls. 31) „Aðgerðir og daglegar venjur sem leiða til minni eftirspurnar eftir orku, auðlindum, landgæðum og vatni.“

Ljóst er að [mikilli mengun](#) fylgir mikill gróði. Gífurlegur [hagnaður](#) hagnaður stóru losunarfyrirtækjanna, 183 milljarðar fyrir skatta árið 2021 og nægt fjármagn til að gera betur í umhverfismálum og vinna eftir sjálfbærni- eða umhverfisstefnu sem flest fyrirtækin hafa. Stefnurnar eru aðeins til skrauts. Sorglegt að sjá að fyrirtækin fjárfesti ekki meira í grænum fjárfestingum, orkuskiptum, hringrásarhugsun, þekkingaröflun og nýsköpun í loftslagsmálum í góðærinu.

Kolefnisbinding fyrirtækjanna er aðeins 1% og á Landsvirkjun þar stærstan þátt. En ef kolefnishlutleysi á að nást 2040 þá þarf að vera jafnvægi á milli losunar og bindingar. Nettólosun er því engin. (4.3.6)

[Loftslagsbókhald](#) íslenskra fyrirtækja er í ólestri. Losunarsvið 3, (scope 3) aðeins 5% gefið upp en rannsóknir sýna að 88% kolefnislosunar á sér stað í virðisheðjunni. Þarna vantar 10 milljón tonn af CO2 í loftslagsbókhaldið. Skilningur á öllum þrem losunarsviðum er lykilþáttur í að ná kolefnishlutleysi. Því ef skilningur er ekki fyrir hendi, þá er ekki hægt að fara í aðgerðir til að draga úr kolefnislosun.

Það er eins og skjaldborg hafi verið slegið um stóru losunarfyrirtækin. Þau bera enga ábyrgð.

Rannsóknir sýna að um 90% af losun kemur frá fyrirtækjum en 11% frá almenningi. Samt koma 60% af umhverfissköttum frá almenning en restin frá fyrirtækjum. Hér vantar réttlát umskipti.

Tillögur

- Efla almenningssamgöngur (4.3.4)
- Horft sé til ábyrgðar einstakra fyrirtækja og umhverfistjón þeirra metið og þau látin greiða skaðann. Sá borgi sem mengar (3.3.11)
- Setja neyðarlög, láta fyrirtækin gera neyðaráætlun um að draga úr kolefnislosun sem byggð verður á staðfestu loftslagsbókhalda allra losunarsviða og eftirfylgni þar sem eftirlitsaðili frá stjórnvöldum myndi vikulega fylgjast með framgangi neyðaráætlunarinnar og ryðja burtu hindrunum. (3.3.11)
- Að tími olíu við bræðslu á uppsjávarfisk sé liðinn á Ísland (3.5.10)
- Að sjávarútvegur axli ábyrgð í kælimiðlum, f-gösum og plastúrgangi (3.5.10)
- Stjórnvöld velji faglega í alla starfsfópa og stundi réttlát umskipti og nægjusemi (1.5)
- Stuðningur við lífræna- og sjálfbæra vottun (1.5)
- Hvalveiðum verði samstundis hætt (3.5.10)
- Allar nýbyggingar verði umhverfisvottaðar (3.3.7)
- Að stutt verði við hringrásarhagkerfið, líffræðilegan fjölbreytileika og nýsköpun (4.3.1)

Hér á eftir fer rökstuðningur

Hér er fyrirtækjanálgun notuð í stað geiranálgunar en samtök eins og OneEarth hafa horft til [ábyrgðar einstakra fyrirtækja](#) og mælt hversu mikið umhverfistjóni þau hafa valdið. “Samtökin OneEarth segja tímabært að athygli umhverfissinna sé í auknum mæli beint að ábyrgð fyrirtækja, en ekki aðeins stjórnvalda. Yrði samtökunum að ósk sinni, og þessum fyrirtækjum væri gert að bæta fyrrneft tjón, gæti upp undir helmingur hagnaðar þeirra farið í umhverfisbætur.” (ruv.is)

Sá borgi sem mengar

Til að leysa loftslagsvandann er nauðsynlegt að beita [mengunarbótareglunni](#) á alla geira atvinnulífsins. Bæði OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa ítrekað bent á að skattar og gjöld á mengun eru skilvirkasta leiðin til að ná markmiðum í umhverfismálum. Það er löngu tímabært að ríkisstjórnin og loftslagsráðherra viðurkenni hið augljósa í þessum málum.

Ef fyrirtækin væru skylduð skv. mengunarbótareglunni til að kolefnisjafna losun í dag og greiða þrjú þúsund krónur (20 EUR) fyrir tonnið af CO2 væri kostnaður um 9 milljarðar eða um 5% af hagnaði fyrir skatta. Sorglegt að sjá að fyrirtækin fjárfesti ekki meira í grænum fjárfestingum, orkuskiptum, hringrásarhugsun, þekkingaröflun og nýsköpun í loftslagsmálum í góðærinu.

Fyrirtæki	Hagnaður f. skatta 2021	2021	2022	Breyting	%
		Losunarsv. 1 tCo2í	Losunarsv. 1 tCo2í		
Alcoa	18.874	530.714	534.179	3.464	1%
Norðurál	12.591	528.455	513.251	-15.204	-3%
Elkem	8.137	456.544	458.215	1.671	0%
ISAL	15.888	312.719			
Samskip	713	297.900			
Eimskip	7.909	296.684	301.251	4.567	2%
PCC Bakki Silicon	0	166.704			
HS-Orka	2.816	86.482	94.738	8.256	10%
Brim	14.221	71.030	71.119	89	0%
Síldarvinnslan	13.172	53.385	72.455	19.070	36%
Orkuveita Reykjavíkur	16.192	47.500	51.100	3.600	8%
Samherji	19.084	44.000			
Landsvirkjun	28.748	40.249	42.122	1.873	5%
Vinnslustöðin-Huginn	2.874	31.038	35.208	4.170	13%
Þorbjörn (2020)	2.724	24.175			
Eskja	5.020	23.574			
Ísfélag Vestmannaeyja	6.437	22.000			
FISK	4.531	21.234			
Skinney-Þinganes	3.483	20.690			
Alls	183.414	3.075.077	2.173.638	31.556	

Hlutf. heildarl. Íslands f.u. landnotkun

65%

Tafla 1, staðan 26. maí 2023. Sobril taflan en yfirlestur getur valdið kvíða, loftslagskvíða, því flestar tölur sýna aukningu kolefnislosunar. Taflan sýnir íslensk fyrirtæki sem losa yfir 20 þúsund tonn af CO2 fyrir utan flugfélög. Tölur fengnar úr sjálfbærnisráðgjafi fyrirtækjanna og hagnaðartala 2021 úr bókinni 300 stærstu. Talan hjá Samherja er áætluð.

Með því að hafa lista yfir stærstu losunarvalda Ísland, 19 fyrirtæki fyrir utan flugfélög þá er hægt að forgangsraða aðgerðum. Ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur en þessi fyrirtæki eiga 65% af heildarlosun landsins. Almennigur og hin 20 þúsund fyrirtæki landsins eiga hinn þriðjunginn!

SFS

Verkefnið [Ábyrgur sjávarútvegur í sátt við umhverfi og samfélag](#) er ekki að virka. Minnir á grænþvott atvinnugreinar. Þegar þetta er skrifað hafa um 30 sjávarútvegsfyrirtæki skrifað undir. Taflan hér sýnir stöðuna í dag við að mæla og birta upplýsingar. Nýsköpun er í lágmarki.

Fyrirtæki	ÞÍG úthl. Kg	Hlutfall	Losunar- svið 1		Losunar- svið 1		Breyting	%	Kolefnis- binding	Samfélags- stefna	Sjálfbærni- skýrsla 2021
			Hagnaður 2021	2021 CO2	2022 CO2						
1 Brim hf.	32.974.224	10,26%	14.221	71.030	71.119	89	0%	0	Já	Já	
2 Samherji Ísland ehf.	21.772.279	6,78%	19.084	44.000					Já	Nei	
3 FISK-Seafood ehf.	20.052.193	6,24%	4.531	21.234					Já	Já	
4 Þorbjörn hf.	17.082.525	5,32%	2.724	24.175					Já	Já	
5 Skinney-Þinganes hf.	14.242.067	4,43%	3.483	20.690					Já	Já	
6 Vísir hf.	13.902.695	4,33%	1.005	6.020					Já	Já	
7 Rammi hf.	13.709.820	4,27%	2.475						Já	Nei	
8 Vinnslustöðin hf. - Hugi	13.401.945	4,17%	2.874	31.038	35.208	4.170	13%	0	Nei	Nei	
9 Síldarvinnslan hf.	12.168.192	3,79%	13.172	53.385	72.455	19.070	36%	0	Já	Já	
10 Útgerðarfélag Reykjaví	11.433.796	3,56%	4.037	18.738					Já	Já	
11 Nesfiskur ehf.	11.209.854	3,49%	2.948						Já	Nei	
12 Hraðfrystihúsið - Gunn	10.441.731	3,25%	1.305						Já	Nei	
13 Ísfélag Vestmannaeyja	8.721.515	2,71%	6.437	22.000					Já	Já	
14 Gjögur hf.	6.963.764	2,17%	1.145						Já	Nei	
15 Útgerðarfélag Akureyri	5.948.277	1,85%	1.562						Já	Nei	
214.024.875			66,60%	81.003	312.310	178.782	23.329	0,00%			

Tafla 2. Kvótahæstu 15 fyrirtæki landsins sem eiga 2/3 kvótans. Samfélagsstefna tilheyrir ábyrgum sjávarútveg. Aðeins 8 af 15 stærstu kvótafyrirtækjunum birtu sjálfbærnisráskýrslu 2021.

Það má hrósa Brim en þeir eru greinilega fyrirmynd annarra fyrirtækja í skýrslugjöf.

Á bls. 60 er í eina skiptið minnst á kælimiðla eða f-gös og það undir verslunum.

Kælimiðlar, Ísland losar 200 þúsund tonn CO2 frá f-gösnum og sjávarútvegurinn á 60% af því. Mest vegna flutnings á fiski í gámum. Meiri metnað og hraðari útfösun þarf að eiga sér stað.

Megnið af plasti og örplasti kemur frá sjávarútvegnum og þarf sjávarútvegurinn að bera meiri ábyrgð og taka þátt í kostnaði eins og almenningur og önnur fyrirtæki þurfa að gera. Sjávarútvegurinn greiðir ekkert [úrvinnslugjald](#) á veiðarfærum úr plasti. Enginn hvati til að koma með veiðarfæri í land.

Hagnaður er rúmir 81 milljarður fyrir utan skatta 2021. Sorglegt að sjá ójafnvægi á milli þriggja liða sjálfbærni. Hér trompar efnahagurinn umhverfismálin, rétt rúmlega helmingur kvótafyrirtækjanna birtir sjálfbærnisráskýrslur þó þeir hafi skrifað undir stefnu. Hér er aðeins verið að telja peninga.

Aukning hjá Síldarvinnslunni um 19 þúsund tonn er að mestu vegna þess að 7,4 milljón lítrar af olíu voru notaðar við bræðslu uppsjávarfisks. Þessi aukning er eins og ávinningur af rafbílavæðingu síðasta árs hafi flogið út um gluggann en 5.851 rafbílur voru nýskráður á síðasta ári og gefum okkur að þeir hafi tekið við af jarðefnabílum sem menguðu 3 tonn CO2, þá er það svipuð tala! Ábyrgð stórfyrirtækjanna er mikil.

Stjórnvöld og stjórnendur fyrirtækja verða að efla samtalið og byggja betur upp innviðina. Ólíðandi að [raforkuskortur](#) sé í landi hinnar hreinu orku. Forgangaða þarf [raforkunotkun](#) og setja bræðslur ofar en rafmyntir. Einnig þurfa sjávarútvegsfyrirtæki að gera betri samninga en semja um skerðanlega orku.

Sjávarútvegurinn þarf að taka á sig meiri ábyrgð. Það er eins og stjórnvöld hafa slegið skjaldborg um sjávarútvegsfyrirtækin. (3.5.10)

Álfyrirtækin

Tafla 3 sýnir losun stærstu álfyrirtækja heims sem gefa út sjálfbærnisráðgjafur og samanburð við íslensku álverin.

Fyrirtæki	Framl. Mmt	Losunarsv. 1 tCo2í	Losunarsv. 2 tCo2í	Losunarsv. 3 tCo2í	Samt. losun tCO2í m/bindingu	Fyrirtæki	Losunarsvið 1	Losunarsvið 2	Losunarsvið 3
Chinalco (Kína-2021)	6,6	57.206.600	29.594.500	0	86.801.100	Chinalco (Kína-2021)	66%	34%	0%
Hongqiao Group (Kína-2021)	5,7	51.390.000	27.310.000	0	78.700.000	Hongqiao Group (Kína-2021)	65%	35%	0%
Rusal	3,8	28.320.485	1.214.137	11.041.772	40.576.394	Rusal	70%	3%	27%
Rio Tinto Alcan	3,0	22.800.000	7.500.000	584.000.000	614.300.000	Rio Tinto Alcan	4%	1%	95%
Alcoa (2021)	3,1	17.400.000	4.400.000	47.500.000	69.300.000	Alcoa (2021)	25%	6%	69%
Emirates Global Aluminium (2021)	2,6	21.414.711	3.000.000	0	24.414.711	Emirates Global Aluminium	88%	12%	0%
Venanta (Indland)	2,3	35.510.000	2.120.000	5.500.000	43.130.000	Venanta (Indland)	82%	5%	13%
Norsk Hydro	2,1	7.360.000	3.670.000	27.900.000	38.930.000	Norsk Hydro	19%	9%	72%
Alcoa	0,3	534.179	1.449	573	536.201	Alcoa	100%	0%	0%
Norðurál	0,3	513.251	0	0	513.251	Norðurál	100%	0%	0%
ISAL (2021)	0,2	312.719	0	0	312.719	ISAL (2021)	100%	0%	0%

Tafla 3 sýnir hlutfall á milli losunarsviða. Staða íslensku álveranna er mjög slæm. Ekkert gefið upp í losunarsviðum 2 og 3. (4.3.6)

Eins og sést á myndinni eru íslensku álfyrirtækin langt á eftir Rio Tinto Alcan, Alcoa og Norsk Hydro. Gera má ráð fyrir að íslensku álfyrirtækin eigi eftir að greina frá 5 milljón tonn um í losunarsviði 3.

Það er áhugavert að lesa um aðgerðir hjá hinum upplýstu álfyrirtækjum. Samál og álfyrirtækin þrjú verða að axla miklu meiri ábyrgð. Ein öflug aðgerð er að greina flutnings hráefnis og afurða en losun er líklega um 600 þúsund tonn af CO2. Stjórnvöld skulu strax láta álfyrirtækin hefja vinnu við að allur flutningur verði kolefnishlutlaus sem fyrst. Taka [Carbfix](#) til fyrirmyndar en stefnan hjá því fyrirtæki er að allur flutningur verði vistvænn. Ef Carbfix getur það, þá hljóta álfyrirtækin að geta það.

Stóriðjan er í ETS-kerfinu og því ekki á beina ábyrgð Íslands en þrátt fyrir það bera þau mikla ábyrgð. Fyrirtæki þurfa að kaupa losunarheimildir en greina ekki frá í sjálfbærnisráðgjafur. Orðið losunarheimildir virðist vera skammarorð. Aðeins eitt fyrirtæki greinir frá losunarheimildum, Norðurál. En að kaup losunarheimildir er aðeins brot af hagnaðinum og það er eins og ETS-kerfið sé ekki að virka rétt.

Develop products and technologies that help our customers decarbonise

To work with our customers to tackle full value chain emissions and reduce our significant indirect **Scope 3** emissions:

- We will increase research and development to accelerate the development of cleaner products for our customers.
- We will step up our customer engagements and partnerships to help them meet their Scope 1 and 2 emissions goals.
- We plan to deploy net zero vessels by 2030 and reach net zero emissions from shipping our products by 2050.

Úr [sjálfbærnisráðgjafu Rio Tinto Alcan](#) (bls. 14) en fyrirtækið hefur reiknað út losun í losunarsviði 3 og er 95% losunar þar eða 584 milljón tonn CO2. Eins og losun Íslands í 125 ár!

Hér er stefnt á að taka vistvæn eða kolefnishlutlaus flutningaskip fyrir 2030 og allur flutningur hráefna verði kolefnishlutlaus 2050. Losun frá flutningum var 8,8 milljón tonn CO2 (bls. 63)

Þessa sýn vantar hjá íslenskum álfyrirtækjum og Samál.

Skipaflutningar

Fyrirtæki	Hagnaður f. skatta 2021	2021 Losunarsv. 1 tCo2í	2022 Losunarsv. 1 tCo2í	Breyting	%
Samskip	713	297.900			
Eimskip	7.909	296.684	301.251	4.567	2%
Alls	8.622	594.584	301.251	4.567	

Í töflu 1 sést að skipafélögin eru að auka kolefnislosun. Þau þurfa að skoða að láta skipin sigla hægar, smíða stærri skip og betri hönnuð. Skipafélögin þurfa að skoða virðisikeðjuna og hvetja fyrirtæki erlendis til landflutninga með vöruflutningalestum og fljótaprömmum. En jákvæðar fréttir frá Eimskip og Samskip um nýsköpun í nýorku fyrir flutningaskip. (4.3.6)

Orkufyrirtækin munu aðeins auka losun í framtíðinni því eftirspurn eftir orku á aðeins eftir að aukast. Mögulega geta fyrirtækin ná árangri í að ná árangri í

Orkufyrirtækin

Ljóst er að heildarlosun mun aukast hjá orkufyrirtækjum í framtíðinni, þau munu einfaldlega framleiða meiri orku. Þau munu eflaust bæta sig í orkukræfni. Landsvirkjun stendur sig langbest í loftslagsbókhaldi og kolefnisjöfnun og sker sig helst út hjá stóru losunarfyrirtækjunum. Ánægjulegt að orkufyrirtækin eru búin að átta sig á ábyrgð sinni og hafa gefið út að [orkan](#) fari í til fjölbreytts hóps smærri fyrirtækja sem og til orkuskipta og hvati til nýsköpunar er í gangi. Smá lífsmark þarna.

Fyrirtæki	Hagnaður f. skatta 2021	2021 Losunarsv. 1 tCo2í	2022 Losunarsv. 1 tCo2í	Breyting	%
HS-Orka	2.816	86.482	94.738	8.256	10%
Orkuveita Reykjavíkur	16.192	47.500	51.100	3.600	8%
Landsvirkjun	28.748	40.249	42.122	1.873	5%
Alls	47.756	174.231	187.960	13.729	

Flugfélögin

Fyrirtæki	2021 Losunarsv. 1 tCo2í	2022 Losunarsv. 1 tCo2í	Breyting	%
Icelandair	486.064	951.572	465.508	96%
Play	25.160	151.722	126.562	503%
Bluebird	37.144	66.212	29.068	78%
	548.368	1.169.506	621.138	113%

Á sama tíma þarf að hækka stýrivexti til að slá á þenslu m.a. vegna komu ferðamanna. Koma þarf böndum á fjölda og fjölgun ferðamanna. Aukning í losun á milli ára er rúmlega 621 þúsund tonn af CO2 eða eins og 310 þúsund litlir jarðefnabílar hafi bæst við bílaflota landsmanna á síðasta ári!

Flugfélögin eru í ETS-kerfinu og þau eiga að leysa sinn vanda sjálf. En að mínu mati þá er það eins og að láta fíkla leysa sín vandamál sjálfa. Það endar ávallt illa. ETS ekki að virka

Vottun á ræktunarvörum

Ekkert er minnst á nýjungar í ræktunaraðferðum í Grænbókinni. Viðurkenndir lífrænar og lífefldir framleiðsluhættir í landbúnaði sameina það besta úr endurreisn landbúnaðar (e. regenerative agriculture), vistrækt (e. permaculture), samþættur búskapur (e. integrated farming), kolefnisrækun (e. carbon farming), búrækt (agroforestry) og GMO en það þarf að innleiða þetta til að efla líffræðilegan fjölbreytileika.

Rannsókn sem unnin var af Ecogain AB sem hluti af umhverfissamstarfi norrænu áfengiseinkasalanna sýnir að lífrænar og lífefldir búskaparhættir stuðla betur að líffræðilegum fjölbreytileika og jarðvegsheilbrigði en hefðbundinn búskapur.

Stjórnvöld þurfa að hvetja neytendur til að velja sjálfbært vottaðar vörur og stuðla að íslenskir framleiðendur fái vottun á vörur sínar frá hlutlausum þriðja aðila. Hægt að útbúa hvata eða greiða fyrir úttektargjöld.

Í kafla 1.5 er fjallað um að hægt sé að nýta náttúruauðlindir betur. Það vantar alveg í Grænbókina að stuðning vantar við lífræna ræktun og vottanir þriðja aðila á lífrænum- og sjálfbærum vörum. Vottanir auka gagnsæi, hjálpa neytendum og góð vörn gegn grænþvotti en það orð finnst ekki í Grænbókinni. (3.3.8)

Hvalveiðar

Ekkert er minnst á hvalveiðar í Grænbókinni en rannsóknir sýna að hvalir eru hluti af lausninni. Þeir binda 33 tonn af CO₂ á lífsleiðinni. (3.5.10)

Umhverfsvottaðar nýbyggingar

Byggingariðnarðurinn á 40% af heildarlosun heimsins. Stjórnvöld eiga að setja stefnu um að allar nýbyggingar verði umhverfsvottaðar sem og viðhaldsframkvæmdir sé þess kostur. Ekkert er minnst á vottanir í Grænbókinni. Vottanir eiga eftir að gegna mikilvægu hlutverki í baráttunni við hamrahlýnun.

Endurnotkun byggingarefna verði ávallt fyrsti kostur. Umhverfisvænasta húsið er þegar byggt. (3.3.7)

Velja faglega í starfshópa

„Mikilvægt er að finna leiðir til að brúa bilið milli ólíkra sjónarmiða í samfélaginu, beina sjónum að sameiginlegum markmiðum og draga úr skautun umræðunnar“ (3.6.4 Sameiginlegt átak, bls. 67)

Hér fer ekki saman hljóð og mynd hjá stjórnvöldum. Ellefu af fjórtán formönnum starfshópa, stjórna eða stýrihópa sem ráðherra umhverfismála hefur skipað eru hvítir, miðaldra karlar sem tengjast Sjálfstæðisflokknum eða Samtökum atvinnulífsins. Það er mjög alvarlegt. (3.3.11)

Hvet forsætisráðherra og aðstoðarmenn að horfa á framtíðarsýnina um að Ísland verði fyrirmynd í sjálfbærni og loftslagsmálum. Ryðja brautina fyrir mannkynið og nota nýjustu tæki og þekkingu til að komast út úr skaflinum. Þá getur mannkynið árið 2500 sagt frá Íslensku leiðinni (e. The Icelandic Way) og við Íslendingar verðum á sama stað og Grikkir til forna í mannkynssögunni. Eina sem þarf er öflugur leiðtogi sem tekur af skarið og lætur stórfyrirtækin ekki stjórna ferðinni. (3.3.1)

Virðingarfyllst,

Sigurpáll Ingibergsson
palli@vatnajokull.com